

Alþingi
Erindi nr. P 143/400
komudagur 26.11.2013



26. nóvember 2013

Atvinnuveganefnd Alþingis

Jón Gunnarsson formaður

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda um þingsályktun um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum.
Mál nr. 14 - Þingskjal nr. 14

Landssamband smábátæigenda (LS) lýsir stuðningi við þá hugmynd sem fram kemur í þingsályktuninni, en gerir athugasemdir við að tekjur renni einungis til þeirra sveitarfélaga sem eru innan Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga. LS telur að engin sveitarfélög landsins séu undanskilin þegar kemur að hagsmunum tengdum sjávaútvegi.

Nauðsynlegt er að við endurskoðun laga um veiðigjöld verði einnig litið til ráðstöfunar á tekjum af þeim. Leiði gjaldtakan til verulegrar skerðingar á tekjum sem sveitarfélög hafa haft af greiðendum er óhjákvæmilegt að bæta slíkt. Á það jafnt við tekjur af veiðigjöldum og annarri starfsemi sem nýtir sameiginlega auðlind þjóðarinnar.

LS leggur til að athugað verði sérstaklega við ráðstöfun framangreindra tekna að þær nýtist við að styrkja þá starfsemi sem þær koma frá. Þar verði sérstaklega litið til markaðsstarfs. Í sjávarútvegi hefur hallað undan fæti á undanförunum árum í markaðssetningu sjávarafurða. Dæmi þar um er okkar verðmætasta tegund þorskurinn þar sem útflutningsverð á hvert kíló hefur nánast verið óbreytt undanfarin 10 ár. Reiknað á föstu gengi var afurðarverð á hvert hráefniskíló 388 krónur á árinu 2003 og 402 kr/kg á síðasta ári, hækkunin nemur 3,5%. Sérstök athygli er hér vakin á að þorskurinn skilaði 31% af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða á sl. ári.

Virðingarfyllst,

Halldór Ármannsson formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri